

Selfossi, 19. janúar 2021

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Bt. Björgvins Skafta Bjarnasonar, oddvita
Árnesi
804 Selfoss

Erindi: Kostnaðarpátttaka sveitarfélaga á Suðurlandi við nýtingu á þjónustu í Vinaminni, sértækri dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun.

Sveitarfélagið Árborg starfrækir Vinaminni sem er sértæk dagdvöl einstaklinga með heilabilun fyrir 15 þjónustuþega. Sjúkratryggingar Íslands veita leyfi á landsvísu og er Sveitarfélagið Árborg með leyfi til þess að reka sértæka dagdvöl fyrir einstaklinga með heilabilun í heilbrigðisumdæmi Suðurlands. Fimmtán sveitarfélög heyra undir heilbrigðisumdæmi Suðurlands og hingað til hafa tvö sveitarfélög nýtt sér leyfin ásamt Sveitarfélaginu Árborg. Öll leyfin eru fullnýtt og er biðlisti eftir þjónustu og aukning er á beiðnum utan sveitarfélagsins.


Dagdvölin Vinaminni flutti í nýtt og glæsilegt húsnæði að Vallholti 19 í febrúar 2019 þar sem aðstaða er góð til virkni og dvalar. Tekjur til rekstur dagdvalanna koma annars vegar frá Sjúkratryggingum Íslands og hins vegar í formi daggjalds sem þjónustuþeginn greiðir sjálfur. Fjármögnun stendur því miður ekki undir rekstrarkostnaði dagdvalarinnar þrátt fyrir innri hagræðingu. Þegar hefur verið óskað eftir fjölgun dvalarrýma hjá Sjúkratryggingum Íslands sem myndi hafa í för með sér hagræðingu í rekstri.

Á fundi félagsmálanefndar Árborgar þann 2. desember 2021 og á fundi bæjaráðs Árborgar þann 20. desember 2021 var fjallað um málið og ákveðið að fara fram á aukna kostnaðarpátttöku nágrannasveitarfélaga vegna nýtingar þjónustuþega, sem eiga lögheimili utan Árborgar, á rýmum í Vinaminni. Kostnaði verði þá deilt niður á hvert rými og innheimt í hlutfalli við heildarfjölda þjónustuþega fyrir þeim umframkostnaði sem ekki fæst fjármagnaður með greiðslum frá Sjúkratryggingum Íslands og daggjöldum að frádregnum aksturskostnaði engert er ráð fyrir að hvert nágrannasveitarfélag muni sjá um akstur sinna þjónustuþega.

Framvegis verður m.a. horft til þess hvaða sveitarfélög á Suðurlandi eru tilbúin að taka þátt í þessum umframkostnaði fyrir þá íbúa sína sem nýta þessa mikilvægu þjónustu en í dag er umframkostnaður á hvern þjónustuþega kr. 167.394 á mánuði. Upplýsingum um rekstur Vinaminnis verði skilað til sveitarfélaga sem nýta þessa þjónustu a.m.k. tvisvar sinnum á ári.

Biðjum ykkur vinsamlegast um að bregðast við erindinu.

Virðingarfyllt



Heiða Ósp Kristjánsdóttir

deildarstjóri félagsþjónustu Árborgar





Þorsteinn Hjartarson

sviðstjóri fjölskyldusviðs Árborgar